

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

7. AUKAFUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2022-2026 22.12.2023

Árið 2023, Föstudaginn 22. desember 2023 kl. 8:30, var haldinn 7. aukafundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Aníta Björk Pálínudóttir, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

- Skýrsla sveitarstjóra fyrir 7. aukafund sveitarstjórnar.
- Útsvarsprósenta -
- Gjaldskrárbreytingar.

Afgreiðsla erinda:

- Skýrsla sveitarstjóra fyrir 7. Aukafund sveitarstjórnar.

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Varðandi byggðakvótaúthlutun fyrir yfirstandandi fiskveiðiár leggur sveitarstjórn til að hagaðilar verði boðaðir til fundar í byrjun árs 2024 til þess að fara yfir forsendur úthlutunar.

Hvað varðar samgöngumál í Súðavíkurhreppi leggur sveitarstjórn á það áherslu að fundin verði lausn með Vegagerðinni um morgunumferð um Súðavíkurhlíð, þá daga yfir vetrarmánuði þegar búast má við að færð spillist og snjóflóðahætta er viðvarandi. Óskað verði eftir fundi með Vegagerðinni sem fyrst um málið.

Sveitarstjórn tekur undir ályktun sameinaðrar almannavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps um mikilvægi þess að bætt verði GSM samband við vegakerfi fjórðungsins og leggur áherslu á að GSM samband og Tetrasamband verði skilgreint sem hluti af almannavarnarkerfi sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öryggi vegfarenda.

- Útsvarsprósenta: Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 15.12.2023.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Súðavíkurhrepps að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Gjaldskrárbreytingar.

Sveitarstjórn leggur til að umræðu um gjaldskrárbreytingar verði skoðaðar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar í janúar 2024.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:50


Bragi Þór Thorodsen



Aníta Björk Pálinudóttir



Eiríkur Valgeir Scott



Jónas Ólafur Skúlason
varaoddviti

